




**ORKUSTOFNUN**

**Auðlindadeild**

**GPS-mælingar í Þingeyjar-  
sýslum vegna tengingar  
þríhyrninganeta við lands-  
net með viðmiðun ÍSN93**

**Gunnar Þorbergsson, Orkustofnun  
Jón S. Erlingsson, Vegagerðinni  
Theodór Theodórsson, Landsvirkjun  
Örn Jónsson, Landssímanum  
Christof Völksen, Landmælingum Íslands**





**ORKUSTOFNUN**

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 3 580 525

**Gunnar Þorbergsson, Orkustofnun  
Jón S. Erlingsson, Vegagerðinni  
Theodór Theodórsson, Landsvirkjun  
Örn Jónsson, Landssímanum  
Christof Völksen, Landmælingum Íslands**

## **GPS-mælingar í Þingeyjarsýslum vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93**

**OS-2000/080**

**Desember 2000**



<b>Skýrsla nr.:</b> OS-2000/080	<b>Dags.:</b> Desember 2000	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> GPS-mælingar í Þingeyjarsýslum vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93	<b>Upplag:</b> 40	
	<b>Fjöldi síðna:</b> 47	
<b>Höfundar:</b> Gunnar Þorbergsson, Orkustofnun Jón S. Erlingsson, Vegagerðinni Theodór Theodórsson, Landsvirkjun Örn Jónsson, Landssímanum Christof Völksen, Landmælingum Íslands	<b>Verkefnisstjóri:</b> Gunnar Þorbergsson	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Svæðisbundnar landmælingar, 4. hluti samstarfsverkefnis	<b>Verknúmer:</b> 3-580525	
<b>Unnið fyrir:</b>		
<b>Samvinnuaðilar:</b> Landmælingar Íslands, Landssíminn, Landsvirkjun, Orkustofnun, Vegagerðin		
<b>Útdráttur:</b> Greint er frá undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu GPS-mælinga í 43 mælistöðvum, aðallega í þríhyrninganetum Orkustofnunar, í Þingeyjarsýslum. Að auki var mælt í 9 grunnstöðvum og hjápunktum (boltar í klöppum) við þær. Mælingarnar fóru fram 9/8-19/8 2000 með átta GPS-landmælingatækjum, þremur frá Vegagerðinni, tveimur frá Landsvirkjun og þremur frá Landmælingum Íslands. Mælingamenn, aðstoðarmenn og bílar komu frá öllum samstarfsaðilum. Verkið er fjórði hluti samstarfsverkefnis, sem áætlað var að tæki fimm ár. Land hefur gliðnað milli GPS-mælinga 1993 og 2000, að meðaltali 1,5 cm á ári norðan og sunnan umbrotasvæðisin við Kröflu, en nokkru meira um það svæði. Af þeim ástæðum var ekki hægt að nota viðmiðun ÍSN93 óbreytta við útreikninga og notað var afbrigði af henni, sem við kjósum að nefna ÍSN93/200063OS. Síðar á að endurreikna þríhyrninganet á mælisvæðinu og kort, sem		
<b>Lykilorð:</b> Þingeyjarsýslur, GPS, ÍSNET93, kortagerð, landsnet, viðmiðun, þríhyrninganet	<b>ISBN-númer:</b>	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b>	
	<b>Yfirfarið af:</b> PI	

## EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR .....	3
2 UNDIRBÚNINGUR .....	3
3 MÆLINGAR .....	5
4 ÚRVINNSLA .....	9
4.1 Vigrar milli mælistöðva .....	9
4.2 Jöfnun .....	13
4.2.1 Laust net .....	13
4.2.2 Net með viðmiðun ÍSN93/200063OS .....	16
4.3 Niðurstöður .....	16
5 HEIMILDIR .....	21
VIÐAUKI: Stöðvarlýsingar .....	25

## MYNDASKRÁ

	Bls.
1 GPS-mælingar í Þingeyjarsýslum 2000 .....	22
2 Hreyfingar grunnstöðva frá 1993 til 2000 .....	23
3 Breytingar frá viðmiðun ÍSN93 til ÍSN93/200063OS .....	24

## TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Þátttakendur í mæliátaki í Þingeyjarsýslum 2000 .....	4
2 Tæki og bílar við mæliátak í Þingeyjarsýslum 2000 .....	4
3 Mæliflokkar í Þingeyjarsýslum í ágúst 2000 .....	5
4 Lotur, mælistöðvar og loftnetshæðir .....	7
5 Loftnetshæðir í hjápunktum við grunnstöðvar .....	8
6 Útreikningur vigra milli mælistöðva .....	10
7 Vigrar frá grunnstöðvum til hjápunkta .....	13
8 Skekkjujöfnun GPS-mælinga í Þingeyjarsýslum 2000 .....	14
9 Breyting á hnitum grunnstöðva frá 1993 til 2000 .....	15
10 Baugahnit og hæðir yfir sporvölu .....	17
11 Keiluhnit og hæðir yfir sporvölu .....	19

## 1. INNGANGUR

Upphaf þessa verks má rekja til fundar á Orkustofnun 25. mars 1997, þar sem fulltrúar frá nokkrum stofnunum ræddu áætlun um GPS-mælingar og útreikninga til að koma þríhyrninganetum og kortum inn í nýja viðmiðun, ÍSN93. Skipaður var vinnuhópur til að sjá um framkvæmd verksins að fengnu árlegu samþykki stofnananna.

Skýrsla um GPS-mælingar á **Austurlandi** 1997–98 fjallar um fyrsta hluta verksins. Þær mælingar fóru fram 20.–28. ágúst 1997 og í tvo daga um mánaðamótin júní–júlí 1998. Mælt var í 48 stöðvum auk grunnstöðva. Skýrsla um GPS-mælingar á **Norðurlandi** 1998 fjallar um annan hluta verksins. Mælt var 10.–20. ágúst í 42 stöðvum auk grunnstöðva. Skýrsla um GPS-mælingar á **Vestfjörðum** 1999 fjallar um þriðja hluta verksins. Mælt var 3.–13. ágúst í 46 stöðvum auk grunnstöðva. Skýrsla um endurreiknuð þríhyrninganet á Austurlandi birtist í apríl árið 2000 (Gunnar Þorbergsson 2000).

Gerð var áætlun um GPS-mælingar á Suðurlandi árið 2000 og haldinn fundur í vinnuhópnum 3. maí, þar sem þátttaka og framlag einstakra stofnana voru ákveðin. En eftir jarðskjálftana á Suðurlandi í júní óskaði Orkustofnun eftir að mælingum á Suðurlandi yrði frestað um ár, og að þess í stað mælt í **Þingeyjarsýslum** sumarið 2000. Það var samþykkt í vinnuhópnum í júnílok. Menn frá Orkustofnun og Landsvirkjun fóru í könnunarleiðangur um Þingeyjarsýslur í júlí. Mælingarnar fóru síðan fram 8.–19. ágúst.

## 2. UNDIRBÚNINGUR

Áætlun um GPS-mælingar í Þingeyjarsýslum var gerð í byrjun júlí. Vegna Kröfluelda og jarðskjálfta í Öxarfirði hafði mælisvæðið sérstöðu miðað við þau svæði á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum, þar sem GPS-mælingar höfðu farið fram áður. Markmið GPS-mælinganna í Þingeyjarsýslum var eftirfarandi:

- Mæla innbyrðis milli grunnstöðva á svæðinu til að athuga hreyfingar frá því að grunnstöðvanetið var mælt 1993.
- Setja hjápunkta, bolta í klappir nokkra tugi metra frá grunnstöðvum, og mæla afstöðu þeirra miðað við grunnstöðvarnar með GPS-mælingum.
- Þetta grunnstöðvanetið með því að mæla í boltum í góðum klöppum á nokkrum stöðum, sem hægt er að aka á.
- Mæla í stöðvum í línunum yfir Grænavatnsbruna, Kröfluöskju og Kelduhverfi, þar sem nokkrum sinnum hefur verið fylgst með umbrotum í Kröflueldum.
- Mæla inn nokkrar stöðvar í þríhyrninganeti frá 1954 við Jökulsá á Fjöllum.
- Mæla í nokkrum hæðarmerkjum við Mývatn, þar sem vatnsborðsmælingar hafa verið notaðar til að fylgjast með hæðarbreytingum lands.
- Bæta við mælingum í nokkrum stöðvum í þríhyrninganeti við Skjálfanda.

Framlag stofnana er sýnt í töflum 1 og 2 og skipting liðsins í mæliflokka í töflu 3. Mæli-áætlunin, eins og hún var framkvæmd, er sýnd í töflu 4 og á mynd 1.

### Tafla 1. Þátttakendur í mæliátaki í Þingeyjarsýslum 2000

---

Árni Stefánsson, Landsvirkjun, s. 553 2026, arnomcsteven@hotmail.com  
Carsten Kristinsson, Landmælingar Íslands, s. 430 9000, carsten@lmi.is  
Christof Völksen, Landmælingar Íslands, s. 430 9000, christof@lmi.is  
Elva Dröfn Adolfsdóttir, Landsvirkjun, s. 553 9779  
Frode Jakobsen, Landssíminn, s. 891 8033, frode@visir.is  
Guðmundur H. Jóhannsson, Landssíminn, s. 550 6284, gudmhj@simi.is  
Guðmundur Valsson, Landmælingar Íslands, s. 430 9000, gudmundur@lmi.is  
Gunnar Þorbergsson, Orkustofnun, s. 569 6000, g@os.is  
Halldór S. Hauksson, Vegagerðin, s. 563 1400, hsh@vegag.is  
Jón X T Bui, Landsvirkjun, s. 515 9000, jonbui@lv.is  
Jón S. Erlingsson, Vegagerðin, s. 563 1400, jse@vegag.is  
Kristinn Þorbergsson, Landsvirkjun, s. 552 3264, kiddit@shr.is  
Markus Rennen, Landmælingar Íslands, s. 430 9000, markus@lmi.is

---

Eymundur Runólfsson, Vegagerðin, s. 563 1400, er@vegag.is  
Helga Tulinius, Orkustofnun, s. 569 6000, htul@os.is  
Theodór Theodórsson, Landsvirkjun, s. 515 9000, teddi@lv.is  
Þórarinn Sigurðsson, Landmælingar Íslands, s. 430 9000, thorarinn@lmi.is  
Örn Jónsson, Landssíminn, s. 550 6285, orn@simi.is

---

Þau síðasttöldu fylgdust með verkinu og studdu mæliátakið fyrir hönd stofnana sinna.

### Tafla 2. Tæki og bílar við mæliátak í Þingeyjarsýslum 2000

Stofnun	GPS-viðtæki	Bifreið, gerð
Landmælingar Íslands	2 Trimble 4000SSi 1 Trimble 4700SSi	Mitsubishi L3000 Mitsubishi Pajero
Landssíminn		Nissan Patrol
Landsvirkjun	2 Trimble 4400SSi	Nissan Patrol Nissan Terrano II
Orkustofnun		Daihatsu Feroza
Vegagerðin	3 Trimble 4000SSi	Nissan Patrol Nissan Patrol

Tafla 3. Mæliflokkar í Þingeyjarsýslum í ágúst 2000

Flokkur	Mælingamenn	Mælitæki	Bífreið	Farsími
LM1	Christof Völksen	Trimble 4000SSi (LM)	PL-533	854 0728
LM2	Guðmundur Valsson	Trimble 4700SSi (LM)		
LM3	Markus Rennen Carsten Kristinsson	Trimble 4000SSi (LM)	TS-618	854 6321
LS	Guðmundur H. Jóhannsson Frode Jakobsen	Trimble 4400SSi (LV)	AV-861	852 6280
LV1	Jón X T Bui Elva Dröfn Adolfsdóttir	Trimble 4400SSi (LV)	UJ-905	854 9176
LV2	Kristinn Þorbergsson Árni Stefánsson	Trimble 4000SSi (Vg)	TG-414	854 8465
VR1	Jón S. Erlingsson	Trimble 4000SSi (Vg)	XF-608	852 8335
VR2	Halldór S. Hauksson	Trimble 4000SSi (Vg)	ZS-451	852 9452
OS	Gunnar Þorbergsson		VR-782	854 1782 855 3782

### 3. MÆLINGAR

Liðinu var skipt í átta flokka. Tveir menn með tvö mælitæki voru í flokki LM1/LM2 og átta þeir aðallega að mæla í grunnstöðvum og hjápunktum við þær. Í flokkum LM3, LS, LV1 og LV2 voru tveir menn með eitt tæki í hverjum flokki, útbúnir til gönguferða. Í flokkum VR1 og VR2 var einn maður með eitt tæki í hvorum flokki, og var þeim ætlað að mæla á stöðum, sem akfært er á. Loks var einn maður án tækis í áttunda flokknum. Honum var m. a. ætlað að reikna út úr mælingunum eins fljótt og auðið væri til að ákveða hvort og hvar endurmælinga væri þörf.

Mælingamenn óku frá Reykjavík að morgni 8. ágúst. Flokkur LM1/LM2 átti að gista á Húsavík eða við Mývatn fyrstu nóttina, en aðrir að Lundi í Kelduhverfi. Þar voru mælitækin yfirfarin síðla dags.

Daginn eftir var mælt í lotu 01 í línu milli Bakkahöfða við Húsavík, um Kelduhverfi að grunnstöð nálægt Vörðuhóli við veg yfir Öxarfjarðarheiði, og aftur var gist að Lundi. Topplata, ætluð til að setja á signaltopp, var fest með gifsi yfir bolta í mælistöð á Smjörhólsfelli, þar sem mæla átti daginn eftir.



Þann 10. ágúst var mælt í lotu 02, aðallega í mælistöðvum frá 1954, í línu milli grunnstöðvar við Vörðuhól og stöðvar vestan Hafursstaða. Toppplötu var komið fyrir í mælistöð á Sauðaklifshöfða, þar sem mæla átti í lotu 04. Að mælingu lokinni var haldið að Hlíð, nálægt flugvelli við Reykjahlíð, og gist í verktakahúsum næstu nætur.

Daginn eftir var mælt í lotu 03, í línu milli Hafursstaða og Syðra-Norðmelsfjalls. Mælistöðvarnar eru austan Jökulsár, nema stöð OS-D5 sem er vestan ár milli Hafragilsfoss og Dettifoss.

Þann 12. ágúst var mælt í lotu 04 á svæði beggja megin Jökulsár á Fjöllum milli grunnstöðva á Norðmel og Króksmelsshellum. Í stöð 2028 er stöpull og þar var notuð stöplaplata. Ástand jónhvolfsins var slæmt vegna sólgosa, sem við höfðum frétt af daginn áður, og niðurstöður mælinganna reyndust mun lakari en í öðrum lotum.

Daginn eftir var mælt í lotu 05 í stöðvum suðvestan Vítis, syðst á Hágöngum og á hrygg norður af Kröflu, en þær stöðvar eru í línu yfir Kröfluöskju. Einnig var mælt í grunnstöð sunnan Grænavatns, tveimur stöðvum við Mývatn og í stöð í Sveinahrauni við þjóðveg 1.

Þann 14. ágúst var mælt í lotu 06 í stöðvum suðvestan Vítis, á Hvannstöðshöfða og Litlu-Kröflu, sem eru í línu yfir Kröfluöskju. Einnig var mælt í stöð á Hólasandi, stöð austan Reykjahlíðar og í grunnstöðvum við Goðafoss og á Þeistareykjum.

Daginn eftir var mælt í lotu 07 í stöðvum í línu yfir Grænavatnsbruna, í stöð suður af Sellandafjalli og í grunnstöð sunnan við Mýri í Bárðardal.

Þann 16. ágúst var mælt í lotu 08 í grunnstöðvum á suðurhluta mælisvæðisins og í stöð í Sveinahrauni. Grunnstöðvarnar eru við Goðafoss, suður af Grænavatni, suður af Mýri í Bárðardal, í Herðubreiðarlindum, á Króksmelsshellum og á Norðmel. Aka þurfti um Möðrudal til að komast í Herðubreiðarlindir.

Daginn eftir var mælt í lotu 09 í grunnstöðvum á norðurhluta mælisvæðisins og í stöðvum norður af Ystahvammi í Aðaldal og austan Hafursstaða. Grunnstöðvarnar eru við Goðafoss, á Þeistareykjum, á Bakkahöfða norðan Húsavíkur, við Vörðuhól á Öxarfjarðarheiði og á Norðmel.

Þann 18. ágúst var mælt í lotu 10 í stöðvum milli Goðafoss og Skjálfanda. Þá fluttu flestir að Skútustöðum, en nokkrir að Laugum.

Loks var mælt í lotu 11 þann 19. ágúst, aðallega í stöðvum við Mývatn, en einnig var endurmælt í tveimur stöðvum úr lotu 04.

Í töflu 4 eru upplýsingar um hvar var mælt og hvenær og um það hvernig loftnetshæð var mæld og skráð, sem skáfjarlægð (u) eða leiðrétt lóðrétt hæð (t). Í töflu 5 eru loftnetshæðir í grunnstöðvum og hjápunktum við þær.

Tafla 4. Lotur, mælistöðvar og loftnetshæðir										
			Mæliflokkur//Mælistöð/Loftnetshæð							
Lota	Dags.	Dagur	LM1	LM2	LM3	LS	LV1	LV2	VR1	VR2
01	9/8	222	7031 1.318u	7031A	5757 <b>1.130u</b>	<b>5754</b> 1.058u	5763 1.413u	5750 1.418u	5770 1.337u	<b>7227</b> <b>1.533u</b>
02	10/8	223	7227 1.401u	7227A	2075 <b>0.773u</b>	2080 0.896u	2083 0.966u	2077 0.260t	7443 1.425u	5750 <b>1.473u</b>
03	11/8	224	7384 1.246u	7384A	2038 <b>1.030u</b>	2102 0.892u	2085 1.327u	D5 1.171u	J040 1.500u	7443 1.499u
04	12/8	225	7442 1.351u	7442A	2028 <b>0.202t</b>	2097 0.286t	7382 1.153u	2098 0.915u	7384 1.361u	7569 1.485u
05	13/8	226	5861 1.088u	5861A	5842 1.114u	5595 1.076u	KN 1.068u	5594 1.364u	7569 1.488u	6412 1.362u
06	14/8	227	7380 0.834u	<b>6412</b> <b>1.518u</b>	7046 1.066u	7438 <b>1.303u</b>	HSH 1.403u	5592 1.118u	5595 1.470u	7441 1.420u
07	15/8	228	7379 1.360u	7379A	1418 1.297u	7437 1.162u	5862 1.340u	5864 1.368u	5861 1.137u	5863 1.170u
08	16/8	229	7472 1.345u	7472A	5861 1.136u	7442 1.046u	7569 1.487u	7384 1.188u	7379 1.289u	7438 1.368u
09	17/8	230	7441 1.269u	7441A	7227 1.173u	7443 1.172u	7440 1.430u	7031 1.182u	7438 1.449u	7384 1.212u
10	18/8	231	7438 1.530u	7438A	7031 0.871u	5014 1.063u	7439 1.447u	5344 1.163u	7568 1.296u	7440 1.392u
11	19/8	232	<b>5858</b> <b>1.164u</b>	<b>5861</b> 1.159u	2028 0.198t	7360 1.117u	7362 1.309u	7569 1.254u	1420 1.439u	6412 1.408u

Atriði í töflunni eru samkvæmt mæliblöðum. Þau eru feitlettuð ef annað stendur á disklingi.

Mæld skáfjarlægð er táknuð með u (uncorrected), leiðrétt lóðrétt fjarlægð með t (true vertical).

Loftnet með tækjum í flokkum LM1, LM2 og LM3 eru af gerð 'Micro-centered L1/L2 w/Ground Plane', en loftnet með tækjum í öðrum flokkum eru af gerð 'Compact L1/L2 with Ground Plane'.

Mæla átti frá klukkan 11 til 17 í lotum 01–10, en frá klukkan 10 til 15 í lotu 11, en menn byrjuðu þó að mæla strax og þeir voru tilbúnir eftir að þeir komu á mælistað.

Stöðvar með nafni, sem endar á 'A', eru hjápunktar við grunnstöðvar.

Greint er frá mælingu samtímis í grunnstöðvunum og hjápunktunum í töflu 5.

Fjallað var um mælitæki og stillingar þeirra í skýrslu um mælingar á Austurlandi (Gunnar Þorbergsson o. fl. 1998a). Loftnet með tækjum Vegagerðarinnar og Landsvirkjunar eru sömu gerðar (Compact L1/L2 with Ground Plane). Loftnet með tækjum Landmælinga Íslands eru af annarri gerð (Micro-centered L1/L2 with Ground Plane) en einkennisstærðir (þvermál jarðskífu og hæð fasamiðju yfir neðri brún hennar) eru þær sömu og hinna loftnetanna. Við mælingu og skráningu loftnetshæða er því farið nákvæmlega eins að við báðar gerðir loftneta, en geta þarf þess við skráningu í mælitæki eða handtölvu hvor gerðin er til staðar.

Tafla 5. Loftnetshæðir í hjápunktum við grunnstöðvar							
Lota	Dags. Dagur		Grunnstöð Loftnetshæð	Hjápunktur	Tími við upphaf mælingar Loftnetshæð		
01	9/8	222	7031 1.318u	7031A	10:54 1.247u	12:07 1.248u	13:28 1.248u
02	10/8	223	7227 1.401u	7227A	09:50 1.327u	11:05 1.328u	12:07 1.329u
03	11/8	224	7384 1.246u	7384A	09:50 1.140u	10:58 1.133u	12:04 1.137u
04	12/8	225	7442 1.351u	7442A	09:47 1.370u	10:54 1.372u	12:03 1.374u
05	13/8	226	5861 1.088u	5861A	11:00 1.389u		
05	13/8	226	5861 1.088u	5861B	12:30 0.125t		
07	15/8	228	7379 1.360u	7379A	10:29 1.244u	11:34 1.247u	12:40 1.248u
08	16/8	229	7472 1.345u	7472A	10:41 1.364u	11:46 1.368u	
09	17/8	230	7441 1.269u	7441A	10:20 1.398u	11:28 1.401u	12:42 1.402u
10	18/8	231	7438 1.530u	7438A	11:23 1.100	13:05 1.097	

Atriði í töflunni eru samkvæmt mæliblöðum.  
Öll loftnet eru af gerð 'Micro-centered L1/L2 with Ground Plane'.  
Mæld skálfjarlægð er táknuð með u (uncorrected), leiðrétt lóðrétt fjarlægð með t (true vertical).

## 4. ÚRVINNSLA

Unnið var úr mælingunum á Orkustofnun með tölvuforriti GPSurvey frá Trimble, sem Landsvirkjun og Vegagerðin lánuðu. Einnig var unnið úr mælingunum til samanburðar á Landmælingum Íslands með hugbúnaði GEONAP frá Geo++ (<http://www.geopp.de>).

### 4.1 Vigrar milli mælistöðva

Úrvinnslan hófst með því að færslur á eyðublöðum, sem skráð var á við mælingarnar, voru færðar í töflur 4 og 5. Töflurnar voru síðan notaðar við framhald vinnslunnar þegar mæligögnin voru lesin af disklingum.

Við útreikning vigra (baselines) með forriti WAVE (baseline processor) voru notaðar upplýsingar um brautir gervitungla (precise ephemeris), sem voru sóttar á vefinn í netfang <http://gibs.leipzig.ifag.de>. Útreikningarnir fóru þannig fram:

- Reiknað er út úr hverri lotu fyrir sig (sex eða sjö vigrar í einu). Náandargildi stöðva eru þau sem hvert viðtæki ákveður eitt fyrir sig á meðan á mælingu stendur (point positioning).
- Að minnsta kosti ein mælistöð þarf að vera vel þekkt í hverri lotu (grunnstöð eða áður reiknuð stöð). Loturnar eru því ekki endilega reiknaðar í þeirri röð sem þær voru mældar.
- Þegar vigrar hafa verið reiknaðar, er skekkjum í einni eða fleiri lotum jafnað til að fá ný náandargildi fyrir hnit mælistöðva.
- Vigrar eru reiknaðar aftur með nýju náandargildunum á hnitum mælistöðva.

Yfirlit yfir útreikningana eru í töflu 6. Þar eru nöfn stöðva í fyrstu tveimur dálkunum. Tegund lausnar er í dálki 3. Ef skilyrði í jónhvolfi eru góð, eru reiknaðar fastar lausnir, 'L1-fixed' fyrir vigrar undir 5 km að lengd, en 'Iono free fixed' ('Io-fixed' í töflunni) fyrir lengri vigrar. Í lotu 4 voru skilyrði slæm, og þar var aðeins hægt að reikna lausar (float) lausnir fyrir sumar vigrar, en það þýðir nánast að fjöldi bylgjulengda milli gervitungls og viðtækis er fundinn sem óþekkt stærð á sama hátt og hnit mælistöðva, en ekki festur sem heiltala.

Lengd vigrar er sýnd í dálki 4 í töflu 6, en hlutfall í dálki 5 og viðmiðunarfervik í dálki 6 eru mælikvarðar á gæði mælinganna. Skráðar loftnetshæðir (þær sömu og í töflu 4) eru í tveimur síðustu dálkunum.

Ekki er talin ástæða til að birta hnit einstakra vigra, nema milli grunnstöðva og hjápunkta. Þau er sýndir í töflu 7. Athuga ber að norður, austur og hæð í töflunni eru hnit í þrívíðu rúmi, þ. e. norðurhnit og austurhnit hveurrar vigrar frá grunnstöð að hjápunkti eru lengdir í staðbundnar stefnur, norður og austur, á hverjum stað, en ekki norðurhnit og austurhnit í hnitakerfi Lamberts.

Tafla 6. Útreikningur vigra milli mælistöðva

Frá stöð	Til stöðvar	Tegund lausnar	Lengd (m)	Hlut-fall	Viðm.-fervik	Loftnets hæðir í m "frá"	"til"
Lotur 1-2, 6V, 7-11							
1420	6412	L1-fixed	1776	10.9	1.486	1.439	1.408
2075	2077	L1-fixed	4877	14.8	6.114	0.773	0.260
2075	5750	L1-fixed	1732	24.4	3.033	0.773	1.473
2077	7227	lo-fixed	9129	41.7	0.411	0.260	1.401
2080	5750	lo-fixed	6513	16.2	0.461	0.896	1.473
2080	7443	lo-fixed	8382	70.1	0.444	0.896	1.425
5344	7440	lo-fixed	14806	17.6	0.562	1.163	1.392
5750	7227	lo-fixed	13261	71.5	0.544	1.418	1.533
5754	5750	L1-fixed	3226	14.1	1.953	1.058	1.418
5757	5754	L1-fixed	3670	18.9	2.030	1.130	1.058
5763	5757	lo-fixed	8032	15.1	0.476	1.413	1.130
5770	5763	lo-fixed	7050	14.5	0.532	1.337	1.413
5861	1418	L1-fixed	2662	13.0	2.895	1.137	1.297
5861	5858	L1-fixed	4072	12.4	2.264	1.159	1.164
5861	5862	L1-fixed	2509	15.0	2.899	1.137	1.340
5861	7360	lo-fixed	7759	80.7	0.477	1.159	1.117
5861	7379	lo-fixed	38708	13.6	0.561	1.136	1.289
5861	7437	lo-fixed	19120	34.5	0.545	1.137	1.162
5861	7438	lo-fixed	30409	4.3	0.997	1.136	1.368
5861	7569	lo-fixed	31109	6.5	1.035	1.136	1.487
5862	5863	L1-fixed	2681	10.4	3.254	1.340	1.170
5863	5864	L1-fixed	2923	10.3	3.632	1.170	1.368
6412	7569	lo-fixed	20993	43.7	0.570	1.408	1.254
7031	5344	lo-fixed	9192	198.9	0.506	0.871	1.163
7031	5770	lo-fixed	18469	95.8	0.534	1.318	1.337
7031	7440	lo-fixed	22599	19.5	0.532	1.182	1.430
7046	7380	lo-fixed	18464	6.2	0.482	1.066	0.834
7360	7362	lo-fixed	5207	13.9	0.473	1.117	1.309
7362	1420	L1-fixed	4425	12.8	3.345	1.309	1.439
7380	6412	lo-fixed	14071	18.9	0.610	0.834	1.518
7380	7438	lo-fixed	20935	29.5	0.632	0.834	1.303
7437	7379	lo-fixed	23173	27.1	0.456	1.162	1.360
7440	7438	lo-fixed	22711	11.8	0.515	1.430	1.449

Tafla 6. Útreikningur vigra milli mælistöðva (framhald)							
Frá stöð	Til stöðvar	Tegund lausnar	Lengd (m)	Hlut-fall	Viðm.-fervik	Loftnetshæðir í m "frá"	"til"
7440	7439	lo-fixed	9480	81.5	0.795	1.392	1.447
7440	7441	lo-fixed	18343	8.3	0.522	1.430	1.269
7440	7568	lo-fixed	6905	11.0	0.557	1.392	1.296
7441	7046	L1-fixed	731	19.2	1.081	1.420	1.066
7441	7443	lo-fixed	24088	6.1	0.521	1.269	1.172
7442	7472	lo-fixed	32507	8.9	0.480	1.046	1.345
7443	2083	L1-fixed	3418	311.3	5.039	1.425	0.966
7443	7227	lo-fixed	23372	10.1	0.587	1.172	1.173
7443	7384	lo-fixed	17994	22.2	0.566	1.172	1.212
7568	5014	L1-fixed	3907	11.1	2.942	1.296	1.063
7568	7438	lo-fixed	18155	14.7	0.678	1.296	1.530
7569	2028	lo-fixed	8868	75.0	0.435	1.254	0.198
7569	7384	lo-fixed	13872	20.1	0.853	1.487	1.188
7569	7442	lo-fixed	23658	26.8	0.989	1.487	1.046
Lota 3							
2038	2102	L1-fixed	346	15.0	1.349	1.030	0.892
2085	7443	lo-fixed	8628	29.4	1.202	1.327	1.499
2085	D5	L1-fixed	3382	91.9	23.436	1.327	1.171
2085	J040	L1-fixed	3696	10.3	24.255	1.327	1.500
7384	2038	L1-fixed	1134	10.4	3.971	1.246	1.030
D5	J040	L1-fixed	817	10.0	2.255	1.171	1.500
J040	7384	lo-fixed	5701	44.7	13.674	1.500	1.246
Lotur 5, 6A							
5592	6412	lo-fixed	9513	14.7	0.734	1.118	1.518
5592	HSH	L1-fixed	2656	11.4	3.620	1.118	1.403
5594	7569	lo-fixed	13713	13.5	1.897	1.364	1.488
5595	KN	L1-fixed	2005	10.7	6.290	1.076	1.068
5842	6412	lo-fixed	6083	55.4	1.850	1.114	1.362
5861	5842	lo-fixed	8710	61.6	1.955	1.088	1.114
6412	5595	lo-fixed	9545	48.0	1.751	1.362	1.076
7380	5592	lo-fixed	9186	34.3	0.698	0.834	1.118
HSH	5595	L1-fixed	3946	10.6	5.740	1.403	1.470
KN	5594	L1-fixed	2669	101.4	9.365	1.068	1.364

Tafla 6. Útreikningur vigra milli mælistöðva (framhald)							
Frá stöð	Til stöðvar	Tegund lausnar	Lengd (m)	Hlut-fall	Viðm.-fervik	Loftnetshæðir í m "frá" "til"	
Lota 4							
2097	2098	lo-float	5498		2.282	0.286	0.915
7384	7382	lo-fixed	11097	3.6	10.708	1.361	1.153
7442	2098	lo-float	20746		4.173	1.351	0.915
7569	2097	lo-fixed	6850	4.5	8.711	1.485	0.286
7569	7382	lo-float	8607		2.993	1.485	1.153
Hjápunktur							
5861	5861A	L1-fixed	70	128.7	0.713	1.088	1.389
5861	5861B	L1-fixed	22	12.4	0.405	1.088	0.125
7031	7031A	L1-fixed	33	100.1	0.469	1.318	1.247
7031	7031A	L1-fixed	33	45.8	0.539	1.318	1.248
7031	7031A	L1-fixed	33	15.0	0.343	1.318	1.248
7227	7227A	L1-fixed	24	59.3	0.670	1.401	1.328
7227	7227A	L1-fixed	24	13.7	0.702	1.401	1.327
7227	7227A	L1-fixed	24	38.6	0.693	1.401	1.329
7379	7379A	L1-fixed	47	146.0	0.427	1.360	1.248
7379	7379A	L1-fixed	47	89.2	0.722	1.360	1.244
7379	7379A	L1-fixed	47	88.1	0.610	1.360	1.247
7384	7384A	L1-fixed	24	94.3	0.427	1.246	1.133
7384	7384A	L1-fixed	24	52.1	0.507	1.246	1.140
7384	7384A	L1-fixed	24	52.5	0.601	1.246	1.137
7438	7438A	L1-fixed	123	83.8	0.562	1.530	1.097
7438	7438A	L1-fixed	123	48.9	0.810	1.530	1.100
7441	7441A	L1-fixed	54	37.4	0.645	1.269	1.401
7441	7441A	L1-fixed	54	149.1	0.552	1.269	1.402
7441	7441A	L1-fixed	54	117.9	0.595	1.269	1.398
7442	7442A	L1-fixed	26	30.6	0.837	1.351	1.372
7442	7442A	L1-fixed	26	28.0	0.766	1.351	1.374
7442	7442A	L1-fixed	26	18.2	1.148	1.351	1.370
7472	7472A	L1-fixed	39	13.8	0.579	1.345	1.368
7472	7472A	L1-fixed	39	101.7	0.731	1.345	1.364

Tafla 7. Vigrar frá grunnstöðvum til hjápunkta					
Dagur	Grunnstöð	Hjápunktur	Norður (m)	Austur (m)	Hæð (m)
222	OS7031	→ OS7031A	-6.4589	33.0928	-0.7531
223	OS7227	→ OS7227A	-22.5313	-8.5982	-2.1710
224	OS7384	→ OS7384A	23.1129	-8.7269	-0.1750
225	OS7442	→ OS7442A	-12.0719	-23.2087	-1.2601
226	OS5861	→ OS5861A	65.4334	-27.3461	-0.5324
226	OS5861	→ OS5861B	4.1081	22.3444	-0.9490
228	OS7379	→ OS7379A	-47.2546	-3.3046	-0.9552
229	OS7472	→ OS7472A	36.1025	-16.2670	0.2269
230	OS7441	→ OS7441A	54.5122	5.8700	-0.4492
231	OS7438	→ OS7438A	74.3193	98.1086	-4.7412

Hnit eru í staðbundnu (local geodetic) hnitakerfi á hverjum stað.

## 4.2 Jöfnun

Ýmsar upplýsingar varðandi endanlega jöfnun er að finna í töflu 8. Hliðstæð tafla í skýrslu um GPS-mælingar á Austurlandi var útskýrð í smáatriðum þar, og einnig var þar greint frá því hvernig hugbúnaðurinn GPSurvey var stilltur. Það verður ekki endurtekið í þessari skýrslu.

### 4.2.1 Laust net

Við skekkjujöfnun voru fyrst hnit (lega og hæð) mælistöðva reiknuð í óþvinguðu neti út frá grunnstöð OS5861 sunnan Grænavatns. Við þá útreikninga voru notaðar mælingar í lotum 1–2, hluta af lotu 6 og í lotum 7–11. Því næst var athugað hvernig færslum í öðrum grunnstöðvum væri háttáð og reiknað hvernig hliðra ætti stöð OS5861, og þar með netinu öllu, þannig að færslur grunnstöðva 1993–2000 verði eins og sýnt er á mynd 2. Útreikningarnir voru endurteknir með þessum nýju hnitum fyrir stöð OS5861.

Hnitin sem þannig fengust voru notuð sem nándargildi við jöfnun á lausu neti (free adjustment) og niðurstöður eru í töflu 9 og á mynd 2. Þar er samanlögð lárétt færsla (breyting hnita frá 1993 til 2000) núll í fjórum grunnstöðvum. Stöðvarnar eru OS7031 á Bakkahöfða norðan Húsavíkur, OS7227 við Vörðuhól austan Kelduhverfis, OS7379 sunnan Íshólsvatns og OS7472 í Herðubreiðarlindum.



Tafla 8. Skekkjujöfnun GPS-mælinga í Þingeyjarsýslum 2000						
Nethluti	Laust net	Net með viðmiðun ÍSN93/200063OS				
Lotur	1-2,6V 7-11	1-2,6V 7-11	3	5,6A	4	Ýmsar
Fastar stöðvar		7379 5861z 7031xy	7443 7384	5861 7380 6412 7569	7384 7569 7442	Grunn- stöðvar
Ferviksstuðull (global scalar)	2.1	1.9	3.6	8.4	7.9	3.2
Fjöldi mæli lína	47	47	7	10	5	24
Stærsta leiðrétting stefnu (")	0.1	0.1	0.3	0.3	0.3	14.0
Stærsta leiðrétting lengdar (mm)	4	4	9	6	11	1
Stærsta leiðrétting hæðarauka (mm)	9	9	20	31	104	4
Stærsta hlutfall hálfáss í staðalellipsu á móti lengd vektors í miljónustu hlutum (ppm)	3.3	3.3	8.3	1.8	1.2	22.4
Stærsta staðalfrávik mælds hæðarauka (mm)	7	6	45	36	96	4
$\tau$ -gildi	3.3	3.3	2.3	2.7	2.3	3.2
Útlagar	0	0	0	0	0	0
Þekktar stöðvar	0	2	2	4	3	9
Reiknaðar stöðvar	38	36	5	6	3	10
Stærsti hálfás staðalellipsu (mm)	5	5	5	5	9	0.9
Stærsta staðal- frávik hæðar (mm)	9	9	18	26	56	2.2
Frívídd	30	32	6	12	6	42
95%-stuðull, ein vídd	2.04	2.04	2.45	2.18	2.45	2.02
95%-stuðull, 2 víddir	2.58	2.57	3.21	2.79	3.21	2.54

Áætluð nákvæmni við mælingu loftnetshæða er 0.002 m og við lóðun 0.002 m, nema við mælingu á hjápunktum við grunnstöðvar, þar sem þessar stærðir eru settar núll.

Tafla 9. Breyting á hnitum grunnstöðva frá 1993 til 2000					
Grunnstöð	Ár	Austur (m)	Norður (m)	Hæð yfir sporv. (m)	Nafn
OS7031	1993	574325.777	620935.955	92.683	Bakkahöfði
		-0.051	+0.019	-0.053	
OS7031	2000	574325.726	620935.974	92.630	(Laust net)
OS7227	1993	619334.093	629074.458	292.238	Vörðuhóll N
		+0.044	-0.013	-0.002	
OS7227	2000	619334.137	629074.445	292.236	(Laust net)
OS7441	1993	592864.946	600134.599	401.401	Þeistareykir
		-0.041	+0.015	+0.030	
OS7441	2000	592864.905	600134.614	401.431	(Laust net)
OS7438	1993	566739.115	577034.549	185.380	Goðafoss
		-0.082	+0.022	-0.021	
OS7438	2000	566739.033	577034.571	185.359	(Laust net)
OS7384	1993	621736.305	588768.403	430.415	Norðmelur
		+0.076	-0.023	+0.020	
OS7384	2000	621736.381	588768.380	430.435	(Laust net)
OS5861	1993	591708.075	559681.687	351.494	Grænavatn
		-0.041	+0.032	-0.002	
OS5861	2000	591708.034	559681.719	351.492	(Laust net)
OS7442	1993	631576.291	555442.717	489.202	Króksmelshellur
		+0.065	-0.024	+0.029	
OS7442	2000	631576.356	555442.693	489.231	(Laust net)
OS7379	1993	574406.286	525063.000	690.827	Íshólsvatn S
		-0.049	+0.006	-0.002	
OS7379	2000	574406.237	525063.006	690.825	(Laust net)
OS7472	1993	630689.984	522952.168	556.213	Herðubreiðarlindir
		+0.056	-0.011	+0.005	
OS7472	2000	630690.040	522952.157	556.218	(Laust net)

Meðaltalið af færslum stöðvar OS7227 miðað við OS7031 og stöðvar OS7472 miðað við OS7379 er (0.100, -0.025) m í hnitakerfi Lamberts. Ef við notum það sem mælikvarða á innbyrðis hreyfingar spildanna austan og vestan við Kröflusveiminn frá 1993 til 2000, hafa þær fjarlægst 0.015 m á ári að meðaltali á þessu tímabili. Hreyfingar austurspildunnar stefna 16° sunnan við austur og vesturspildunnar jafnmikið norðan við vestur, reiknað á 16°45' vestlægrar lengdar  $[14.0 + (19 - 16.75) \cdot \sin(65^\circ) = 16.0]$ .

Á mynd 2 kemur fram að færsla í þremur stöðvum austan og vestan við Mývatn eru nokkru stærri en í áður nefndum fjórum stöðvum, en það bendir til þess að innbyrðis hreyfing spildanna frá 1993 til 2000 hafi verið meiri um aðalumbrotasvæðið í Kröflueldum, en sunnan og norðan þess. Meðaltalið af hreyfingum í stöðvum OS7384 og OS7442 miðað við OS7438 er 0.023 m á ári og stefnan er 19° sunnan við austur.

Mælt var í OS7031 á Bakkahöfða í lotum 01 og 10 og bar mælingunum vel saman. Árin 1993 og 1995 var mælt einu sinni í OS7031 hvort ár. Mælingarnar 1995 voru endurskoðaðar nú, en þær varpa engu ljósi á 5 cm sig, sem mælist milli árána 1993 og 2000. Stöð OS7031 er í sökkli sem Húsavíkurbær lét steypa 1981, og nær hann niður á 1.5 m dýpi. Hjápunktur OS7031A var settur í klöpp skammt frá stöðinni í júlí 2000 og mælt var í grunnstöð og hjápunkti í ágúst.

#### 4.2.2 Net með viðmiðun ÍSN93/200063OS

Grunnstöðvarnar níu, sem mældar voru í Þingeyjarsýslum í ágúst 2000, hafa færst það mikið innbyrðis, að óráðlegt er að þvinga mælinetinu, sem þá var mælt, inn á milli grunnstöðvanna með hnitum frá 1993. Með öðrum orðum geta landmælingamenn ekki notað viðmiðun ÍSN93 óbreytta. Við höfum valið þann kost að reikna netið óþvingað, en hliðra því án snúnings og án kvarðabreytingar þannig að hnit stöðva OS7379 og OS7031 hafi sem næst sömu gildi, með u. þ. b. sentímeters nákvæmni, og í grunnstöðvaneti frá 1993.

Hnit stöðva í þessu neti fá auðkennið '200063OS' í hnitalistum (aðgerð Orkustofnunar þegar 63 hundraðshlutar ársins 2000 voru liðnir). En netið, sem þannig er reiknað, ákvarðar nýja viðmiðun, sem við kjósum að nefna ÍSN93/200063OS. Þetta er staðbundið afbrigði af viðmiðun ÍSN93.

Mynd 3 sýnir hvernig hnit grunnstöðvanna níu breytast nú frá því að þau voru gefin upp með viðmiðun ÍSN93 samkvæmt mælingum 1993. Breytingarnar skipta ekki máli við kortagerð, þannig að kortagerðarmenn þurfa ekki að greina á milli viðmiðana ÍSN93 og ÍSN93/200063OS.

### 4.3 Niðurstöður

Baugahnit mælistöðva með viðmiðun ÍSN93/200063OS eru í töflu 10 og keiluhniti með sömu viðmiðun í töflu 11. Keiluhnitin eru fengin með vörpun Lamberts, þar sem mælikvarði er einn á breiddum 64°15'N og 65°45'N. Austurás er hornréttur á hádegisbaug 19°V, en norðurás samsíða honum, og staður (65°N, 19°V) hefur hnitin (500000, 500000) í metrum.

Vegna lélegra skilyrða við mælingar í lotu 4 (á 225. degi ársins) eru hnit – einkanlega hæðir – mælistöðva OS7382 á Austaribrekku, OS2097 á Sauðaklifshöfða og OS2098 á Langavatnshöfða ekki eins örugg og ekki eins nákvæm og önnur hnit í töflum 10 og 11.

Tafla 10. Baugahnit og hæðir yfir sporvölu

Stöð	Breidd	Lengd	Hæð (m)
LM1418	65°31'19.97126"N	17°04'27.65403"V	394.496 <sup>e</sup>
LM1420	65°38'33.91103"N	16°54'53.76825"V	345.417 <sup>e</sup>
LM2028	65°36'23.76031"N	16°15'54.93306"V	438.480 <sup>e</sup>
LM2038	65°45'59.58804"N	16°19'22.83647"V	484.549 <sup>e</sup>
OS2075	66°02'44.36486"N	16°30'58.18529"V	87.986 <sup>e</sup>
OS2077	66°03'23.20318"N	16°24'42.86508"V	242.381 <sup>e</sup>
OS2080	65°59'56.84488"N	16°22'51.78680"V	299.262 <sup>e</sup>
OS2083	65°54'46.22696"N	16°22'55.80299"V	420.213 <sup>e</sup>
OS2085	65°51'16.59109"N	16°23'33.50274"V	436.066 <sup>e</sup>
(OS2097	65°40'39.44528"N	16°17'04.52766"V	451.206 <sup>e</sup> )
(OS2098	65°39'24.15004"N	16°10'34.85733"V	457.793 <sup>e</sup> )
OS2102	65°45'48.41124"N	16°19'24.17225"V	489.014 <sup>e</sup>
OS5014	65°47'28.00207"N	17°15'04.82728"V	508.846 <sup>e</sup>
OS5344	66°00'03.34089"N	17°16'29.02959"V	454.380 <sup>e</sup>
OS5592	65°43'34.43091"N	16°54'13.17829"V	663.659 <sup>e</sup>
OS5594	65°43'02.62122"N	16°40'32.24340"V	780.869 <sup>e</sup>
OS5595	65°42'51.52292"N	16°46'00.02071"V	617.573 <sup>e</sup>
OS5750	66°01'53.41427"N	16°30'01.50433"V	92.216 <sup>e</sup>
OS5754	66°02'34.36204"N	16°33'57.10240"V	83.481 <sup>e</sup>
OS5757	66°03'18.51895"N	16°38'27.71121"V	109.822 <sup>e</sup>
OS5763	66°05'17.70248"N	16°47'54.91425"V	102.674 <sup>e</sup>
OS5770	66°05'47.40134"N	16°57'11.17100"V	99.727 <sup>e</sup>
OS5842	65°35'33.31856"N	16°56'02.36372"V	360.653 <sup>e</sup>
OS5858	65°33'11.36523"N	16°58'09.33759"V	345.691 <sup>e</sup>
OS5861	65°31'20.68845"N	17°01'00.49707"V	351.494 <sup>e</sup>
OS5861A	65°31'22.80097"N	17°01'02.62546"V	350.962 <sup>e</sup>
OS5861B	65°31'20.82108"N	17°00'58.75801"V	350.545 <sup>e</sup>
OS5862	65°31'21.63050"N	16°57'45.23911"V	373.310 <sup>e</sup>
OS5863	65°31'22.93612"N	16°54'16.56178"V	384.881 <sup>e</sup>
OS5864	65°31'27.07445"N	16°50'29.49954"V	522.342 <sup>e</sup>
OS6412	65°38'30.08747"N	16°52'35.20996"V	387.529 <sup>e</sup>

Viðmiðun er ÍSN93/200063OS. Hæðir eru yfir sporvölu.

Tafla 10. Baugahnit og hæðir yfir sporvölu (framhald)

Stöð	Breidd	Lengd	Hæð (m)
OS7031	66°04'33.57605"N	17°21'29.22488"V	92.632 <sup>e</sup>
OS7031A	66°04'33.36752"N	17°21'26.59326"V	91.879 <sup>e</sup>
OS7046	65°53'01.46734"N	16°58'46.20579"V	397.830 <sup>e</sup>
OS7227	66°08'06.92371"N	16°21'26.25375"V	292.237 <sup>e</sup>
OS7227A	66°08'06.19634"N	16°21'26.93907"V	290.066 <sup>e</sup>
OS7360	65°35'23.72443"N	17°03'27.24165"V	346.865 <sup>e</sup>
OS7362	65°37'54.26676"N	17°00'26.13946"V	347.507 <sup>e</sup>
OS7379	65°12'59.09359"N	17°24'34.59276"V	690.827 <sup>e</sup>
OS7379A	65°12'57.56799"N	17°24'34.84696"V	689.872 <sup>e</sup>
OS7380	65°43'34.34015"N	17°06'13.56069"V	423.783 <sup>e</sup>
(OS7382	65°42'50.80697"N	16°32'10.73822"V	478.256 <sup>e</sup> )
OS7384	65°46'23.60590"N	16°20'30.00789"V	430.437 <sup>e</sup>
OS7384A	65°46'24.35207"N	16°20'30.69370"V	430.262 <sup>e</sup>
OS7437	65°21'03.78054"N	17°01'53.25118"V	510.317 <sup>e</sup>
OS7438	65°41'02.66878"N	17°32'52.50999"V	185.361 <sup>e</sup>
OS7438A	65°41'05.06814"N	17°32'44.82622"V	180.621 <sup>e</sup>
OS7439	65°53'48.23797"N	17°33'52.43563"V	92.154 <sup>e</sup>
OS7440	65°52'24.05383"N	17°21'53.03367"V	212.795 <sup>e</sup>
OS7441	65°53'04.91888"N	16°57'49.08484"V	401.433 <sup>e</sup>
OS7441A	65°53'06.67872"N	16°57'48.62154"V	400.984 <sup>e</sup>
OS7442	65°28'14.81378"N	16°09'35.10130"V	489.233 <sup>e</sup>
OS7442A	65°28'14.42404"N	16°09'36.90402"V	487.973 <sup>e</sup>
OS7443	65°55'43.71293"N	16°26'46.35905"V	326.332 <sup>e</sup>
OS7472	65°10'48.01035"N	16°12'35.25332"V	556.220 <sup>e</sup>
OS7472A	65°10'49.17594"N	16°12'36.50299"V	556.447 <sup>e</sup>
OS7568	65°48'54.56185"N	17°18'46.89282"V	167.856 <sup>e</sup>
OS7569	65°39'11.57816"N	16°25'16.48551"V	433.460 <sup>e</sup>
OS-D5	65°49'27.59406"N	16°23'48.92072"V	403.582 <sup>e</sup>
OS-HSH	65°43'40.83488"N	16°50'45.41544"V	611.402 <sup>e</sup>
OS-J040	65°49'18.69977"N	16°22'48.31158"V	420.384 <sup>e</sup>
OS-KN	65°43'28.74788"N	16°43'51.75177"V	746.500 <sup>e</sup>

Viðmiðun er ÍSN93/200063OS. Hæðir eru yfir sporvölu.

Tafla 11. Keiluhnit og hæðir yfir sporvölu

Stöð	Austur (m)	Norður (m)	Hæð (m)
LM1418	589048.631	559577.238	394.496 <sup>e</sup>
LM1420	595974.643	573243.550	345.417 <sup>e</sup>
LM2028	626036.865	570356.212	438.480 <sup>e</sup>
LM2038	622621.877	588061.175	484.549 <sup>e</sup>
OS2075	612556.558	618799.141	87.986 <sup>e</sup>
OS2077	617229.135	620190.749	242.381 <sup>e</sup>
OS2080	618890.682	613861.480	299.262 <sup>e</sup>
OS2083	619238.387	604245.996	420.213 <sup>e</sup>
OS2085	619029.410	597738.363	436.066 <sup>e</sup>
(OS2097	624806.412	578229.606	451.206 <sup>e</sup> )
(OS2098	629882.335	576117.813	457.793 <sup>e</sup> )
OS2102	622619.544	587714.582	489.014 <sup>e</sup>
OS5014	580036.855	589310.043	508.846 <sup>e</sup>
OS5344	578328.131	612668.558	454.380 <sup>e</sup>
OS5592	596184.835	582563.466	663.659 <sup>e</sup>
OS5594	606679.448	581944.714	780.869 <sup>e</sup>
OS5595	602514.573	581450.544	617.573 <sup>e</sup>
OS5750	613332.057	617250.205	92.216 <sup>e</sup>
OS5754	610317.462	618401.910	83.481 <sup>e</sup>
OS5757	606861.302	619639.659	109.822 <sup>e</sup>
OS5763	599598.445	623071.973	102.674 <sup>e</sup>
OS5770	592580.446	623756.593	99.727 <sup>e</sup>
OS5842	595280.658	567624.455	360.653 <sup>e</sup>
OS5858	593795.815	563177.519	345.691 <sup>e</sup>
OS5861	591708.084	559681.707	351.494 <sup>e</sup>
OS5861A	591678.702	559746.244	350.962 <sup>e</sup>
OS5861B	591730.286	559686.513	350.545 <sup>e</sup>
OS5862	594214.407	559790.626	373.310 <sup>e</sup>
OS5863	596892.542	559918.657	384.881 <sup>e</sup>
OS5864	599803.577	560144.876	522.342 <sup>e</sup>
OS6412	597749.565	573184.165	387.529 <sup>e</sup>

Viðmiðun er ÍSN93/200063OS. Hæðir eru yfir sporvölu.

Tafla 11. Keiluhnitt og hæðir yfir sporvölu (framhald)

Stöð	Austur (m)	Norður (m)	Hæð (m)
OS7031	574325.775	620935.962	92.632 <sup>e</sup>
OS7031A	574359.027	620930.364	91.879 <sup>e</sup>
OS7046	592145.034	600004.528	397.830 <sup>e</sup>
OS7227	619334.186	629074.433	292.237 <sup>e</sup>
OS7227A	619326.536	629051.561	290.066 <sup>e</sup>
OS7360	589592.480	567146.763	346.865 <sup>e</sup>
OS7362	591765.085	571879.231	347.507 <sup>e</sup>
OS7379	574406.288	525062.994	690.827 <sup>e</sup>
OS7379A	574404.173	525015.680	689.872 <sup>e</sup>
OS7380	587006.488	582270.721	423.783 <sup>e</sup>
(OS7382	613084.184	581821.194	478.256 <sup>e</sup> )
OS7384	621736.430	588768.368	430.437 <sup>e</sup>
OS7384A	621726.740	588791.092	430.262 <sup>e</sup>
OS7437	591625.515	540564.007	510.317 <sup>e</sup>
OS7438	566739.083	577034.558	185.361 <sup>e</sup>
OS7438A	566835.454	577111.108	180.621 <sup>e</sup>
OS7439	565435.766	600723.522	92.154 <sup>e</sup>
OS7440	574610.937	598338.044	212.795 <sup>e</sup>
OS7441	592864.955	600134.602	401.433 <sup>e</sup>
OS7441A	592869.066	600189.273	400.984 <sup>e</sup>
OS7442	631576.406	555442.682	489.233 <sup>e</sup>
OS7442A	631553.765	555429.581	487.973 <sup>e</sup>
OS7443	616251.001	605905.870	326.332 <sup>e</sup>
OS7472	630690.091	522952.145	556.220 <sup>e</sup>
OS7472A	630672.250	522987.489	556.447 <sup>e</sup>
OS7568	577142.657	591913.461	167.856 <sup>e</sup>
OS7569	618639.997	575247.412	433.460 <sup>e</sup>
OS-D5	618972.984	594357.060	403.582 <sup>e</sup>
OS-HSH	598825.020	582850.718	611.402 <sup>e</sup>
OS-J040	619753.438	594113.591	420.384 <sup>e</sup>
OS-KN	604108.009	582661.007	746.500 <sup>e</sup>

Viðmiðun er ÍSN93/200063OS. Hæðir eru yfir sporvölu.

## 5. HEIMILDIR

Gunnar Þorbergsson, Ingvar Þór Magnússon 1997: *Stöðvarlýsingar í grunnstöðvaneti 1993*. Landmælingar Íslands.

Ingvar Þór Magnússon, Gunnar Þorbergsson, Jón Þór Björnsson 1997: *GPS-mælingar í grunnstöðvaneti 1993 og ný viðmiðun ISN93 við landmælingar á Íslandi*. Landmælingar Íslands, 46 s.

Gunnar Þorbergsson (Orkustofnun), Ingvar Þór Magnússon (Landmælingum Íslands), Jón S. Erlingsson (Vegagerðinni), Theodór Theodórsson (Landsvirkjun) og Örn Jónsson (Landssímanum) 1998a: *GPS-mælingar á Austurlandi vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93*. Orkustofnun, OS-98043, 67 s.

Gunnar Þorbergsson (Orkustofnun), Ingvar Þór Magnússon (Landmælingum Íslands), Jón S. Erlingsson (Vegagerðinni), Theodór Theodórsson (Landsvirkjun) og Örn Jónsson (Landssímanum) 1998b: *GPS-mælingar á Norðurlandi vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93*. Orkustofnun, OS-98068, 40 s.


Gunnar Þorbergsson (Orkustofnun), Jón S. Erlingsson (Vegagerðinni), Theodór Theodórsson (Landsvirkjun), Örn Jónsson (Landssímanum) og Christof Völksen (Landmælingum Íslands), 2000: *GPS-mælingar á Vestfjörðum vegna tengingar þríhyrninganeta við landsnet með viðmiðun ÍSN93*. Orkustofnun, OS-2000/003, 45 s.

Gunnar Þorbergsson 2000: *Þríhyrninganet Orkustofnunar á Austurlandi endurreiknuð með viðmiðun ÍSN93*. Orkustofnun, OS-2000/024, 70 s.



Öxarfjörður

Skjálfandi




Skýringar:

1-11 númer lotu

● Grunnstöð frá 1993

▲ Þrms. með bolta


• Þrms. með röri



MYND 1. GPS-mælingar í Þingeyjarsýslum 2000

Öxarfjörður

Skjálfandi



Mývatn

Skýringar:

Hæð í 7031 er útlæg

● Grunnstöð

● 20 mm sig


● 40 mm hliðrun  
til suðausturs



MYND 2. Hreyfingar grunnstöðva frá 1993 til 2000

Öxarfjörður

Skjálfandi



Mývatn

Skýringar:

Hæð í 7031 er útlæg

● Grunnstöð

● 20 mm sig

● 40 mm hliðrun  
til suðausturs

0 25 km

MYND 3. Breytingar frá viðmiðun ÍSN93 til ÍSN93/2000630S

**VIÐAUKI: Stöðvarlýsingar**

<b>STÖÐVARLÝSING</b>		Stöðvarnúmer/nafn LM1418
Skammst. upplýs. B	Stytt heiti SJ	Stöðvarheiti/lýsing Sjónarhöll
Tegund stöðvar Þrms., GPS-stöð		Landshluti/svæði Þingeyjarsýslur
Merki		Áletrun GS-1930
Bolti/skjöldur		Stöð sett ár/mán. Stöð sett af
Stofnun Geodætisk Institut		
Lýsing	<p>Á Sjónarhóli um kílómetra vestan við Baldursheim sunnan Mývatns.</p> <p>Skjöldur 35 mm í þvermál er festur með bolta sem stendur 20 mm upp úr steini eða klöpp.</p> <p>Signal og varða voru í stöð í júlí árið 2000. Signal og signalvírar voru fjarlægð. Eftir mælingu var varða endurhlaðin.</p> <p>Akið hringveginn sunnan Mývatns að vegi og skilti með áletrun '849 Baldursheimur' um 2 km austan við brú á Laxá. Akið um 6,5 km eftir þeim vegi á stað 65°31'42"N 17°04'01"V og þar 600 m eftir háhrygg móts við stöðina. Gangið eða akið 170 m að hólnum.</p>	
N	NNA NA ANA A ASA SA SSA (S)	Skygghorn í gráðum ef það nær heilum tug
S	SSV SV VSV V VNV NV NNV (N)	Stærsta skygghorn < 4 gráður
Ljósmynd af stöð	Kort/hnit lesin nema annað sé gefið	
OSIM-20000823-06	Hnit í kerfi WGS84	
Breidd (ónákvæm)	Lengd (ónákvæm)	Hæð (ónákvæm)
65°31'19"	17°04'27"	328 m
		Lýsing gerð
		GF

<b>STÖÐVARLÝSING</b>		Stöðvarnúmer/nafn LM1420
Skammst. upplýs. B	Stytt heiti KONGSP	Stöðvarheiti/lýsing Reykjahlíð
Tegund stöðvar Þrms., GPS-stöð		Landshluti/svæði Þingeyjarsýslur
Merki		Áletrun Kóróna-GS-1930
Bolti/skjöldur		Stöð sett ár/mán. Stöð sett af
Stofnun Geodætisk Institut		
Lýsing	<p>Á bakka Mývatns við Reykjahlíð.</p> <p>Skjöldur 35 mm í þvermál með kórónu ('kóningspunktur') og áletrun GS-1930 festur með bolta í klöpp 9 m frá Mývatni og tæpan metra yfir vatnsborði þess. Um 5 cm þykkur jarðvegur er á klöppunum umhverfis punktin og hefur hann verið fjarlægður í 30x30 cm reit um punktinn. Staðurinn er innan við 100 m frá hótelinu í Reykjahlíð.</p> <p>Akið hringveginn að hótelinu í Reykjahlíð við Mývatn. Akið að hliði við þjóðveginn og útihús 120 m norðan hótelsins.</p> <p>Hnit þess staðar eru 65°38'37"N, 16°54'48"V. Gangið 120 m 220° réttvísandi frá hliðinu í mælistöðina.</p>	
N	NNA NA ANA A ASA SA SSA (S)	Skygghorn í gráðum ef það nær heilum tug
S	SSV SV VSV V VNV NV NNV (N)	Stærsta skygghorn < gráður
Ljósmynd af stöð	Kort/hnit lesin nema annað sé gefið	
	Hnit í kerfi WGS84	
Breidd (ónákvæm)	Lengd (ónákvæm)	Hæð (ónákvæm)
65°38'34"	16°54'53"	280 m
		Lýsing gerð
		GF

<b>STÖÐVARLÝSING</b>		Stöðvarnúmer/nafn
Skammst. upplýs.	Stytt heiti	LM2028
B	2028	Hrossaborg suður
Tegund stöðvar		Landshluti/svæði
Þrms., GPS-stöð		Þingeyjarsýslur
Merki		Áletrun
Stöpull/sívalningur		Engin
Stofnun	Stöð sett ár/mán.	Stöð sett af
Landmælingar Íslands	1955	
Lýsing		
0,8 km sunnan við topp Hrossaborgar.		
<p>Merkið er sívalningur 18 mm í þvermál með holu í miðju í yfirborði stöðpuls 50x50 cm að stærð og um 1 m að hæð. Varða er hlaðin um stöðpulinn.</p> <p>Stöðpulinn er 25 m austan slóðar. Mælistöðin var stjörnuathugunarstöð við mælingu 1°-netsins 1955-1956.</p> <p>Akið hringveginn að vegamótum hans og vegar F88 (Herðubreiðarlindir, Askja) og þaðan 600 m vestur hringveginn á stað 65°37'46"N 16°15'42"V við læk. Akið þar 2,5 km suður slóð vestan Hrossaborgar að mælistöðinni.</p>		
Nota þarf stöplaplötu.		
N	NNA NA ANA A ASA SA SSA (S)	Skýggihorn í gráðum ef það nær heilum tug
S	SSV SV VSV V VNV NV NNV (N)	Stærsta skýggihorn < gráður
Ljósmynd af stöð		
OSLM-20000812-07		Kort/hnit lesin nema annað sé gefið
Hnit í kerfi WGS84		
Breidd (ónákvæm)	Lengd (ónákvæm)	Hæð (ónákvæm)
65°36'23"	16°15'55"	372 m
		Lýsing gerð
		GÞ

<b>STÖÐVARLÝSING</b>		Stöðvarnúmer/nafn
Skammst. upplýs.	Stytt heiti	LM2038
B	2038	Syðra-Norðmelsfjall
Tegund stöðvar		Landshluti/svæði
Þrms., GPS-stöð		Þingeyjarsýslur
Merki		Áletrun
Bolti/skjöldur		LMI-1955-2038-F11
Stofnun	Stöð sett ár/mán.	Stöð sett af
Landmælingar Íslands	1955	
Lýsing		
Nyðri og lægri bungan á Syðra-Norðmelsfjalli 6 km suðsuðaustan við Dettifoss.		
<p>Skjöldur 9 cm í þvermál er festur með bolta í miðju við flatan stein 30x40 cm að stærð. Staðurinn er á hrygg eða lægri bungu norður frá hæstu bungu Syðra-Norðmelsfjalls. Leifar smávörðu voru umhverfis steinininn. Hún var endurhlaðin eftir mælingu.</p> <p>Akið Þjóðveg 864 austan Jökulsár á Fjöllum á stað 65°45'37"N 16°20'06"V þar sem eru litlar brennisteinsöldur nokkra tugi metra norðan vegarins. Akið austan aldanna að fjallinu og norður með því á stað með hnit 65°46'01"N 16°19'55"V. Þaðan liggur að mestu rudd slóð 400 m að mælistöðinni.</p>		
N	NNA NA ANA A ASA SA SSA (S)	Skýggihorn í gráðum ef það nær heilum tug
S	SSV SV VSV V VNV NV NNV (N)	Stærsta skýggihorn < 2 gráður
Ljósmynd af stöð		
OSLM-20000811-02		Kort/hnit lesin nema annað sé gefið
Hnit í kerfi WGS84		
Breidd (ónákvæm)	Lengd (ónákvæm)	Hæð (ónákvæm)
65°45'59"	16°19'23"	418 m
		Lýsing gerð
		GÞ

<b>STÖÐVARLÝSING</b>		Stöðvarnúmer/nafn OS2075
Skammst. upplýs. B	Stytt heiti I	Stöðvarheiti/lýsing Bakkahlaup sunnan
Tegund stöðvar Þrms., GPS-stöð		Landshluti/svæði Kelduhverfi
Merki Bolti		Áletrun Engin
Stofnun Orkustofnun		Stöð sett af 1954
Lýsing Sunnan Bakkahlaups í Kelduhverfi um 3 km norður af Meiðavöllum.		
Bolti stendur 35 mm upp úr steini 1x3 m að stærð og um 0,5 m að hæð á sléttum sandi.		
Akið þjóðveg 85 um Kelduhverfi 1,9 km vestur fyrir veg að Meiðavöllum og Hljóðaklettum að hliði á stað 66°02'30"N 16°33'16"V og 1,3 km frá hliðinu norður að háspennulínu á stað 66°03'07"N 16°32'35"V og 1,3 km þaðan 170° réttvísandi að mælistöðinni.		
N	NNA NA ANA A ASA SA SSA (S)	Skygghorn í gráðum ef það nær heilum tug
S	SSV SV VSV V VNV NV NNV (N)	Stærsta skygghorn < gráður
Ljósmynd af stöð OSLM-20000809-02		
Breidd (ónákvæm)	Lengd (ónákvæm)	Kort/hnit lesin nema annað sé gefið Hnit í kerfi WGS84
66°02'44"	16°30'58"	Hæð (ónákvæm) Lýsing gerð
	22 m	22 m
		GP

<b>STÖÐVARLÝSING</b>		Stöðvarnúmer/nafn OS2077
Skammst. upplýs. B	Stytt heiti	Stöðvarheiti/lýsing Smjörhóll
Tegund stöðvar Þrms., GPS-stöð		Landshluti/svæði Þingeyjarsýslur
Merki Bolti		Áletrun Engin
Stofnun Orkustofnun		Stöð sett af 1954
Lýsing Hæð vestan bæjarins Smjörhóls í Kelduhverfi.		
Bolti stendur 25 mm upp úr 0,7 m háum steini, sem varða er hlaðin um, efst á hæðinni.		
